



Snipping Tool ([Leiðbeiningar](#))

er klippiforrit sem fylgir með Windows.

[How to use Snipping Tool in Windows 11](#)

Snipping Tool in Mac

Command+Shift+4



Snipping Tool er hentugt verkfæri til að vinna með ef klippa þarf afmarkað svæði, t.d. hluta af mynd, skjali eða skjá og skeyta inn í annað skjal. Hægt er að klippa hluta af skjá – eða jafnvel taka mynd af öllum skjánum. Síðan er hægt að líma (Paste) myndina inn í önnur forrit.

Try Snip & Sketch

Snip & Sketch – ([Leiðbeiningar](#)) tekur við af Snipping Tool.

Windows-hnappurinn+**Shift+S** tekur skjáskot – Myndin geymist á klemmuspjaldinu.



Árnastofnun – Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Menning Upplýsingar um handrit, þjóðfræði og fornan arf.

Mál Upplýsingar um tungumálið, örnefni og önnur nöfn, málnotkun og íslenskan orðaforða.

Hjálpartæki íslenskunnar (Myndskeið): [Málið](#) – [Skrambi](#) – [Beygingarlýsing](#) – [Íðorðabankinn](#) – [Málfarsbankinn](#) – [Orðanet](#) (5:56)

[Málið.is](#) var opnað á [degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2016](#).

[Notum málið](#)

Málið.is er vefgátt sem veitir upplýsingar um íslenskt mál og málnotkun úr fjölmörgum ólíkum gagnasöfnum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

(myndskeið) (2:47)

Vefsíðan hefur verið opnuð í nýrri og endurbættri útgáfu. Nú eru þar fleiri orðabækur og orðasöfn en áður. Þar eru einnig komin inn [verkefni íslenskukennara](#) og [verkefni handa framhaldsskólanemendum](#).

[Skrambi](#) er íslenskt yfirlestrarforrit sem tekur tillit til umhverfis. Skrambi skoðar í hvaða samhengi orðin standa, á meðan önnur forrit skoða bara stök orð. Skrambi er unnið er í samstarfi við Árnastofnun. Notendur geta límt inn texta eða skrifað beint á síðuna til að nýta sér villuleitina. Skrambi merkir við allt að 200 villur í fyrstu 5.000 orðunum.

[Beygingarlýsing íslensks nútímamáls](#) (BÍN) er safn beygingardæma sem birt eru í heild á vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þar má leita að orðum og einstökum beygingarmyndum orða, þ.m.t. mannanöfnum.

[Íðorðabankinn](#) er uppflattisafn orða á íslensku og fleiri tungumálum innan ákveðinna starfs- eða fræðigreina.

[Málfarsbanki Árnastofnunar – Leiðbeiningar um íslenskt mál](#) er vettvangur upplýsinga um vandaða málnotkun í íslensku. Í honum er að finna greinar um ýmis atriði sem snerta talað og ritað mál, s.s. lítinn og stóran staf. Hægt er að slá inn leitarorð sem lúta að málnotkun og finna úrlausnir sem teknar hafa verið saman í [Íslenskri málstöð](#) og síðar arftaka hennar, [málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar](#) í íslenskum fræðum.

[Íslenskt orðanet](#) er umfangsmikið yfirlit í orðabókarbúningi um íslenskan orðaforða og innra samhengi hans, byggt á greiningu á merkingarvenslum íslenskra orða og orðasambanda.

[Íslensk stafsetningarorðabók](#) (áður Stafsetningarorðabókin) er opinber réttitunarorðabók um íslensku. Hlutverk hennar er að leiðbeina um rithátt og beygingar í samræmi við hefðbundin viðhorf um vandað ritmál.

[Íslensk nútímamálsorðabók](#) er nýtt verk sem eingöngu er birt á vefnum. Orðabókin er búin til hjá orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM) í Reykjavík. Orðaforðinn er 56 þúsund uppflattiorð sem samsvarar meðalstórri orðabók. Reglulega bætast við ný orð, orðasambönd og orðskýringar. Beygingar orða eru gefnar með tenglum í [Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls](#).

[Samtalsorðabók](#) er orðabók sem hefur þann tilgang að varpa ljósi á orð og orðasambönd sem einkum koma fyrir í talmáli.

[Íslensk orðsifjabók](#) í bókinni er gerð grein fyrir uppruna og ættum íslenskra orða, rakinn skyldleiki þeirra við orð í öðrum málum og fjallað um tökuorð og aldur þeirra í málinu.

[Ritmál og talmál](#) (6:03) Hvað þarf að hafa í huga þegar skrifaðar eru ritgerðir.

[Sarpur.is](#) er menningarsögulegt gagnasafn. Á vefnum er hægt að fletta upp upplýsingum um rúmlega milljón aðföng sem eru í gagnasafninu. Þeim fjölgar dag frá degi.

[Reglur um greinarmerki](#) [Algengar málfarsvillur](#) (4:38) sem ber að varast þegar skrifaður er formlegur texti.



Miðeind	Miðeind er leiðandi hugbúnaðarfyrirtæki á sviði máltækni og gervigreindar. Mestallur hugbúnaður Miðeindar er opinn og nýtist almenningi, atvinnulífi og rannsakendum.
Malstaður.is	Málstaður er vettvangur sem sameinar allar helstu máltæknivörur Miðeinar á einum stað.
Málfríður	Yfirlestur og textavinnsla.
Erlendur	Þýðingar milli tungumála.
Hreimur	Hreimur er talgreiningarlausn Miðeindar sem tekur inn mælt mál og skilar því út í texta.
Snara	Uppfletting í orðabókum.
Samheiti	Á vefnum er að finna yfir 31 þúsund uppflettiorð með eitt eða fleiri samheiti skráð.
Svarkur	Lausn fyrir upplýsingaleit, spurningasvör og spjallvirkni á vefsvæðum

Siðferði og heiðarleiki í námi (3:24)
Hvað felst í góðu siðferði og heiðarleika í námi og af hverju það er mikilvægt í háskólanámi?

Gagnrýnin hugsun (4:48) Hvað felst í gagnrýnni hugsun og hvernig hægt er að temja sér gagnrýna hugsun.

Rafræn gagnasöfn (6:23) Hvernig á að nota rafræn greina- og gagnasöfn og hvar hægt er að nálgast þau?

Web of Science (1:15) Hvernig er best að nota gagnasafnið Web of Science?

Ebscohost (7:16) Hvernig er best að nota gagnasafnið Ebscohost?

ProQuest (4:46) (stórt þverfaglegt gagnasafn).

Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn (2:34) (myndskeið).
[Leiðarvísar.is](#) [Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn](#)
Leiðarvísar um heimildir í einstökum fræðigreinum, heimildavinnu og aðrar hagnýtar leiðbeiningar.

Orðabelgur er sögulegt hugtakasafn [þjóðskjalasafns Íslands](#) Hægt er að leita í þremur söfnum:
Hugtakasafn Ítarlegir textar til útskýringar á ýmsum sögulegum hugtökum og fyrirbrigðum.
Orðskýringar Skýringar á sjaldgæfum að erlendum orðum sem koma fyrir í sögulegum textum.
Skammstafanir Skýringar nokkurra tákna og skrá um skammstafanir í sögulegum textum.

m.is Orðabók M.is er vefur sem gerir orðabækur og upplýsingar um íslenska tungu aðgengilegri fyrir yngra fólk og fólk sem er að læra íslensku sem annað mál.

Greynir les nýjustu fréttir og greinar jafnóðum af helstu íslensku fréttavefjunum.
Hann þáttar textann í málsgreinatré samkvæmt innbyggðum málfræðireglum fyrir íslensku.
Nafnið Greynir er samsett úr orðunum grey, greinir og reynir (no. og so.),
sbr. Greyið hann Greynir reynir að greina þessa grein.

Vefur sem rýnir íslenskan texta: [Yfirlestur á texta knúinn af Greyni](#) [Um yfirlestur](#)

Íslenska aðstoðarappið [Embla](#) er komið út, ókeypis og opið öllum. Embla byggir á máltæknivél Greynis, og skilur og talar íslensku. Hún getur svarað ýmsum spurningum, svo sem um opnunartíma verslana og fyrirtækja, veðrið og veðurspána, áætlun strætó, fólk og starfsheiti, fréttir og margt fleira. Emblu má sækja í App Store eða Play Store, og kóði hennar er opinn á GitHub. – Hér er kynning ([Myndskeið](#)) á Emblu úr kvöldfréttum Sjónvarps 8. nóvember 2020.

Sjálfvirk textaleiðrétting Hér má leiðrétta íslenskan texta með hjálp tauganets.
Netið reynir að „þýða“ textann yfir í læsilegra mál.

Ensk-íslensk orðabók Frjáls og opin ensk-íslensk orðabók er nú aðgengileg á netinu í fyrsta skipti.
Orðabókin er hugarsmið Sveinbjarnar Þórðarsonar, forritara hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Miðeind.

Íslensk-frönsk orðabók LEXÍA er ný veforðabók milli íslensku og frönsku.
Orðabókin er unnin í samstarfi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM) og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum (SVF).

Orðabók á netinu án endurgjalds: [Wordreference.com](#) [Google Translate](#)

Vélpýðing.is Vélpýðing felst í því að þýða texta með sjálfvirkum hætti úr einu tungumáli í annað með sem þjálustum hætti, þannig að merking hans breytist ekki. [Myndskeið](#) (4:07)



[nafnid.is](#) veitir aðgang að skjölum úr [örnefnasafni Árnastofnunar](#) sem geyma heimildir vítt og breitt um landið.

[Tiro Talgreinir](#) Sjálfvirk talgreining fyrir íslenskt talmál yfir í ritaðan texta.

Tiro er fremst á sviði talgreiningar á íslensku.

Tiro Talgreinir gerir notendum kleift að tala við tækið og talgreinirinn skrifar það sem sagt er með mikilli nákvæmni.

[Að breyta pdf-skjali yfir í Word-skjal: Easy PDF – XODO](#)

[Að breyta pdf-skjali yfir í Word-skjal: Online-Convert](#)

[Office 365 – Enskt eða íslenskt notendaviðmót](#)

[Skráning heimilda samkvæmt APA 7](#)

[Höfundaréttur – Upplýsingalæsi – Siðfræði og siðferði á netinu](#)

[Landsaðgangur að rafrænum áskriftum – Hvar.is](#)

Allir á Íslandi sem tengjast netinu í gegnum íslenskar netveitur hafa aðgang að fjölbreyttu efni í gegnum áskriftir Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum, tímaritum og rafbókum sér að kostnaðarlausu.

[Tímaritasöfn](#) – [Gagnasöfn](#) – [Rafbækur](#) – [Alfræðirit](#) – [Opinn aðgangur](#)

[Fræðslufundur Landsaðgangs](#)

Meðal efnis er alfræðiritið [Encyclopædia Britannica](#) sem er elsta alfræðiorðabókarútgáfan á ensku um almenn málefni. Greinar hennar eru almennt taldar áreiðanlegar, nákvæmar og vel skrifaðar.

Í apríl 1999 var gerður samningur á vegum menntamálaráðuneytis Íslands við Encyclopædia Britannica International Ltd. Þess efnis að öll íslensk IP-net fengju aðgang að vefútgáfu alfræðiorðabókarinnar gegn ákveðnum skilyrðum, sem sett voru fram í samningnum.

[Tímarit.is](#) er stafrænt safn sem veitir aðgang að milljónum myndaðra blaðsíðna á stafrænu formi af þeim prentaða menningararfi sem varðveittur er í blöðum og tímaritum frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Aðgangur er öllum opinn og stuðst er við nýjustu tækni í geymslu og miðlun upplýsinga. Markmiðið er að bæta aðgang að prentuðum blöðum og tímaritum og bjóða upp á nýjar rannsóknaraðferðir. Blöðin og tímaritin hafa að geyma, auk almenns fréttæfnis og auglýsinga, mikið efni á sviði bókmennta, sagnfræði, ættfræði, þjóðlífs, menningar, atvinnuvega og viðskipta. Notendur geta leitað að efni á ýmsan hátt, svo sem eftir löndum og titlum, eða að völdu orði í öllum textum. Þeir geta einnig blaðað í gegnum efnið og prentað út valdar blaðsíður. Jafnt og þétt bætast við safnið fleiri titlar.

[Leitir.is](#) (0:58)
(myndskaið)

[Leitir.is](#) veitir aðgang að fjölbreyttu vísinda-, fræðslu- og afþreyingarefni. Vefurinn veitir upplýsingar um bækur, tímarit og greinar, rafbækur, hljóðbækur, tónlist, ljósmyndir, lokaverkefni háskóla, myndefni, vefsíður, fornleifar og muni. Oft er hægt að skoða ljósmyndir og sækja heildartexta. Einnig er hægt að hlaða niður tímaritsgreinum, bókum og skýrslum á eigin lestæki eða tölvu. Auðvelt er að finna bækur og tímarit bókasafna og innskráður notandi getur tekið frá efni eða endurnýjað útlán.

[Vísindavefurinn](#) fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast, allt frá stjörnufræði til handrita og frá sameindalíffræði til sálarfræði. Vísindavef Háskóla Íslands var hleypt af stokkunum 29. janúar árið 2000. Hann var í fyrstu eitt af verkefnum Háskóla Íslands í verkefninu *Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000*.

[Leit á netinu](#) – Margir eyða miklum tíma í að leita á netinu og finna oft lítið.

Leitin þarf að vera hnitmiðuð og nauðsynlegt er að kunna að nota leitarvefi til að finna það sem leitað er eftir.

[Dropbox](#) er ókeypis forrit og þjónusta frá samnefndu fyrirtæki sem vistar gögn með öruggum hætti á vefþjóni sínum, þannig að notendur geta nálgast þau með auðveldum hætti í tölvum, sínum snjallsímum og öðrum tækjum eða á öruggu vefsvæði þeirra á Dropbox.com hvar sem er í heiminum. Dropbox er vefþjónusta þar sem hægt er að hlaða inn skrá og deila þeim með öðrum.

[Myndskeið](#)
(10:49)

[Nokkrir flýtyklar í Windows](#)
[Windows keyboard shortcuts for accessibility](#)



[Windows-skipanir](#)



Í Bandaríkjunum og Bretlandi eru tugabrot aðgreind með punkti en ekki kommu. Þannig er það á vasareikni og reiknivélum. Á Íslandi eru hins vegar notaðar kommur til að skrá tugabrot (aukastafi).

Windows 11

[Mynd](#) sem sýnir hvernig á að breyta punkti í kommu.

Orðaský er myndræn framsetning á textaupplýsingum. Orðaský geta hjálpað við að greina skrifaðan texta með því að draga fram vægi þeirra orða sem koma fyrir í textanum. Forrit sem henta vel til að búa til orðaský eru t.d. [WordArt](#), [WordItOut](#), [EdWordle](#) og [WordClouds](#).
<https://wordart.com/Microstock Keyword Tool>
Leitarorð – [Love](#) (4:21) – [Pasta og Romeo&Julia](#) (6:16)

Myndskeið:

- [WordArt.com](#)
- [WordItOut](#)
- [EdWordle](#)
- [WordClouds](#)



Google Inc. er bandarískt tölvufyrirtæki. Markmið þess er að veita almenningi yfirsýn yfir allar upplýsingar í heiminum. Til þess þróaði fyrirtækið og rekur nú leitarvélina [Google](#) en auk hennar rekur fyrirtækið ýmsar aðrar sérhæfðari þjónustur, t.d. Gmail, Google Docs og YouTube.

- [Gmail \(Nýtt netfang\) – Glærur](#)
- [Kennslumyndband \(Ólafur Kristjánsson\) \(12:25\)](#)
- [Gmail – Notkunarreglur](#)
- [Hvernig á að búa til gott lykilorð?](#)
- [Sterkt lykilorð – Valið af handahófi](#)

[Google Translate](#) er ókeypis vélþýðingaforrit sem var þróað af Google og hægt er að nota til að þýða texta, tal, myndir, vefsíður eða myndskeið úr einu tungumáli yfir á annað. Forritið styður yfir 100 tungumál, þ.m.t. íslensku, og eru daglegir notendur mörg hundruð milljónir.

[Google Docs](#)

Hentar mjög vel í samvinnuverkefni meðal nemenda. Miðlæg skjöl á netinu, aðgangur og samvinna í rauntíma. Viðkomandi þarf að vera með pósthfang á Gmail.com
[Myndskeið](#) (8:59) Að búa til nýtt skjal í Google Docs.

[OpenAI](#) er rannsóknarstofnun sem hefur það markmið að skapa gagnlega og örugga gervigreind (AI) fyrir mannkynið. Þeir hafa þróað mörg áhrifamikil AI verkefni, svo sem ChatGPT, sem er spjallforrit sem byggir á GPT-4 líkani OpenAI. Hægt er að prófa ChatGPT á chat.openai.com

[Bing gervigreind](#) er spjallforrit sem getur hjálpað við leit o.fl. Hægt er að spjalla, spyrja spurninga eða sagt Bing hvað þú vilt gera. Bing er knúið af Microsoft Prometheus líkani, sem byggir á OpenAI's GPT-41.

Hér fyrir neðan eru fræðslumolar um gervigreind sem Ólafur Kristjánsson hefur sett saman fyrir [lðan fræðslusetur](#)

[Inngangur að gervigreind með ChatGPT](#) (10:19)

[Að skipuleggja ferðalag með aðstoð gervigreindar \(ChatGPT\)](#) (7:29)

[Einföld viðskiptaáætlun með aðstoð gervigreindar \(ChatGPT\)](#) (6:03)

[Textavinna með gervigreind](#) (2:29) Myndskeið sem sýnir hvernig hægt er að stytta texta á einfaldan hátt með aðstoð gervigreindar (ChatGPT).